LISTIR

Fersk birta blekkingarinnar

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK

Sigurður Árni Sigurðsson. Opið alla daga 10–18 til 11. september. Aðgangur kr. 300. Sýningarskrá kr. 900.

YFIRLÝSINGARNAR um „dauða málverksins" hafa verið fjölmargar á þessari öld, en það lifir enn góðu lífi, þó á stundum hafi skort nokkuð á þann ferskleika, sem er allri list nauðsyn. Komið hefur fram ungt listafólk sem hefur nálgast málverkið með nýjum hætti og þannig að nokkru endurnýjað kynni listunnenda við miðilinn; sýningin sem nú stendur í vestursal Kjarvalsstaða ber vissulega með sér ferskan blæ af þessum toga.

Sigurður Árni Sigurðsson er af yngstu kynslóð íslenskra myndlistarmanna (f. 1963), og þrátt fyrir að hann eigi á þriðja tug einka- og samsýninga að baki má segja að hér gefist listunnendum sunnan heiða aðeins annað tækifærið til að kynnast list hans; hið fyrra var á sýningu í Gallerí Nýhöfn fyrir þremur árum, og þá mátti strax merkja að hér kvað við nýjan tón í íslensku málverki.

Sigurður Árni hóf listnám við Myndlistarskólannn á Akureyri, en útskrifaðist síðan úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1987. Eftir það hélt hann til Frakklands, þar sem hann stundaði framhaldsnám og hefur að mestu starfað síðan. Utanlands hefur hann haldið sýningar í Frakklandi, Sviss og Þýskalandi og auk þess átt verk á samsýningum í þessum löndum og í Finnlandi.

Það er einkum tvennt, sem áhorfandinn tekur strax eftir í verkum Sigurðar Árna; það er blekkingaleikur yfirborðsins (yfirundir, ofan-neðan, framan-aftan) og einkennilegt rökleysi birtunnar, sem hvoru tveggja skapar dularfull tengsl milli heildar og hluta, innra samræmis og ytri veruleika.

Birtan leikur lykilhlutverk í þeim verkum, sem tengjast hugmyndum um almenningsgarða. Áhrif og staðsetning ljósgjafans hafa lengi heillað listamenn, og er skemmst að minnast Caravaggio og Rembrandt varðandi hliðarbirtu, og loks Joseph Wright, sem um miðja 18. öld flutti ljósgjafann inn í myndflötinn. Hér hefur Sigurður Árni hins vegar ljósgjafann utan verksins, ofan miðju (sbr. nr. VI) eða fyrir ofan þrjár miðjur (sbr. nr. X), sé tekið mið af skuggunum. Þessi órökrétta lýsing skapar fjör og spennu í fletinum, sem á sama tíma er útfærður af vísindalegri nákvæmni. Þetta er í fullu samræmi við þær myndir þar sem ljósgjafinn er til hliðar; þar virðist hæð trjánna nákvæmlega reiknuð til að skuggi þess fyrsta falli undir það næsta o.s.frv. (sbr. nr. VIII).

Þessar hugmyndir birtast einnig í einföldum teikningum („Hugmyndir að görðum", þar sem nr. IV er einkar athyglisverð) og loks í módelinu „Fullkominn garður", þar sem raflýsingu hefur verið komið fyrir til að sýna hvernig hugmyndin virkar; slíkt gæti í mesta lagi gengið upp einu sinni á ári í raun og sá fjarlægi möguleiki gefur þessum hugmyndum heillandi blæ þegar á heildina er litið.

Blekking yfirborðsins og möguleg tengsl þeirra fáu forma sem eru í hverju verki eru þungamiðja flestra málverkanna á sýningunni. Bernard Marcadé orðar það svo í inngangi í sýningarskrá:

„Í málverkum Sigurðar Árna eru dularfull tengsl milli þess sem „virðist vera" og hins sem „birtist" skyndilega. Verk hans eru á stöðugri ferð um þessi svið myndhugsunar ... Við fyrstu sýn virðast þessi málverk afar kyrr og staðföst en samt reynast þau við nánari athugun tvísýn og efablandin. Hvert einstakt form virðist tilbúið að snúa allt í einu röngunni út og rugla staðreyndum um hver sé hvað."

Þar sem flest verkin eru „Án titils" (og ekki í númeraröð) er erfitt að vísa til einstakra verka í umræðu um þessi atriði. „Upphaf að ferðalokum" sýnir þó vel þá margræðni, sem listamaðurinn setur fram (hvað er ofan á og hvað er undir), og titillinn „Að innan" kann að hljóma sem skýring á viðkomandi verki, en hér er ekkert sjálfgefið.

Á einum vegg getur að líta sex teikningar með vatnslitum og bleki á pappír, sem í fyrstu kunna að virðast ótengdar öðrum viðfangsefnum á sýningunni, en eru í raun af sama meiði; þessar tvöföldu teikningar bjóða upp á ákveðna tengingu, en gætu einnig verið sjálfstæðar eða tengdar óskyldum ímyndum, þannig að möguleiki sjónblekkingarinnar er ætíð til staðar.

Úrvinnsla Sigurðar Árna er einkar góð í öllum verkum sýningarinnar. Einfalt myndmálið er í fullkomnu jafnvægi, og vinnsla litanna er afar góð, einkum þar sem dvínandi birta skiptir máli. Hið slétta yfirborð er ríkjandi í málverkunum, þannig að þunn málningin ræður blekkingunni. Mismunandi áhrif yfirborðsins má m.a. merkja af einu litlu verki þar sem áferðin er að hluta þykkari, og áhorfandinn hefur á tilfinningunni að þar sé um að ræða hýði eða skán, sem beri að fjarlægja; hið hreina yfirborð er mikilvægur þáttur í þeim ferskleika, sem einkennir verkin í heild.

Sýningunni er fylgt úr hlaði með eigulegri sýningarskrá, þar sem er m.a. að finna góðar ljósmyndir af verkum á sýningunni, en einnig af nokkrum fleiri málverkum, sem ekki hafa ratað á veggina hér. Í stuttum og læsilegum inngangi setur Bernard Marcadé myndir Sigurðar Árna í athyglisvert samhengi, sem opnar sýningargestum víðari sýn en ella á viðfangsefni listamannsins. Fræðsla og upplýsing af því tagi hlýtur að vera meginhlutverk hverrar sýningarskrár.

Með þessari sýningu má segja að Sigurður Árni hafi haslað sér völl í íslenskri myndlist þannig að eftir verður tekið. Verk hans vísa með markvissum hætti til innri gilda málverksins og hvernig það getur gripið áhorfandann sterkum tökum með sjónvillum sínum, ímyndaðri dýpt og mótunaráhrifum birtunnar. Með því að færa þessar sjónvillur að yfirborðinu og brjóta upp hefðir birtunnar í fletinum hefur hann skapað sér myndheim, sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni.

Er rétt að hvetja alla listunnendur til að láta þessa sýningu ekki fram hjá sér fara.

Eiríkur Þorláksson



SIGURÐUR Árni Sigurðsson: VI. Olía á striga, 1994.

Svanhvít Egilsdóttir heldur söngnámskeið



Svanhvít Egilsdóttir

PRÓFESSOR Svanhvít Egilsdóttir heldur söngnámskeið í húsakynnum Tónlistarskólans í Reykjavík, „Stekk", Laugavegi 178, dagana 15.-17. ágúst næstkomandi.

Svanhvít hefur verið búsett í Vínarborg í fjölda ára og kennt við tónlistarháskólann þar. Hún hefur haldið mörg söngnámskeið hér heima og erlendis. Undirleikari á námskeiðinu er Jóhannes Andreasen.

Skráning og allar nánari uplýsingar eru í Hljóðfæraverslun Leifs H. Magnússonar.

Kórtónleikar í Landakotskirkju

SVISSNESKI kórinn „Kammerchor Winterthur" heldur tónleika í Landakotskirkju í kvöld, þriðjudag. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og á efnisskránni verður Átta raddaða mótetta Bachs og kórlög eftir Gabrieli, Purcell, Verdi og Faure.

Í kórnum eru 40 söngvarar og stjórnandi er Christoph Bachmann. Í fréttatilkynningu segir að áhugi á ferðalagi til Íslands hafi vaknað, þegar kórinn kynntist íslenskum kórum á kóramóti á Spáni sumarið 1991.



Ferðalagamyndir Einars Fals í Galleríi 11

FERÐALAGAMYNDIR nefnist sýning Einars Fals Ingólfssonar, sem opnar í Galleríi 11, Skólavörðustíg 4a, föstudaginn 12. ágúst. Þar verða sýndar á fjórða tug svarthvítra ljósmynda frá ferðum sjö ára. Ferðum um fjölfarnar, kunnuglegar slóðir heimsins; myndir af hversdagslegu fólki og raunverulegum atburðum.

Ferðalagamyndir er fyrsta einkasýning Einars Fals en áður hefur hann átt verk á samsýningum í Reykjavík, Stokkhólmi og New York. Hann hefur myndað fyrir íslensk dagblöð og tímarit en starfar nú í New York, þar sem hann stundaði framhaldsnám í ljósmyndun við School of Visual Arts.

Sýning Einars Fals er opin frá þriðjudegi til laugardags, frá klukkan 13 til 18, og stendur til 25. ágúst.

Fágaður semballeikur

TÓNLIST

Skálholtskirkja

SEMBALTÓNLEIKAR

Guðrún Óskarsdóttir flytur verk eftir J.C. de Chambonnieres, Jean-Henry D'Anglebert og Louis Couperin sunnudaginn. 6. ágúst 1994.

FRÖNSK sembaltónlist hefur stöðu nærri verkum verkum eftir J.S. Bach og vitað er að Bach þekkti nokkuð til frönsku meistaranna og reyndi sig við tónmál og formskipan franskrar tónlistar, þó án þess að um stælingar sé að ræða. Þar sem frönsku snillingarnir luku verki sínu hófst síðbarokkin og þannig leggur einn upp í lífsferð sína þegar annar lýkur henni og við lok sumartónleikanna í ár hefur Guðrún Óskarsdóttir semballeikari sína ferð sem einleikari, þó sumartónleikagestir hafi vitað til hennar fyrir nokkru og heyrt hana leika á sembalinn sinn.

Fyrsta verk tónleikanna hófst á Pavane í d-moll eftir Jacques Champion de Chambonniéres (1601–1672) og þar á eftir fylgdi Svíta í F-dúr. Afi og faðir Champion, en það var fjölskyldunafn hans, voru frægir semaballeikarar og 1643 tók hann við stöðu föður síns við frönsku konungshirðina en vegna einhvers konar samsæris, hröklaðist hann frá hirð Loðvíks XIV. árið 1662. Chambonnieres var fyrsti stórsembalisti Frakka og lagði grunninn að sembaltónlist þeirra. Guðrún lék bæði pavane þáttinn og svítuna mjög vel, þar sem öllu skrauti og ýmsu því er einkennir franska sembaltónlist var vel til haga haldið.



Annað verkefnið var svíta í g-moll, eftir D'Anglebert, nemanda Chambonnieres er tók við af honum sem hirðsembalisti, er hann féll í ónáð. D'Anglebert var mjög fær sembalisti og meðal útgefinna verka hans eru útsetningar á ballettónlist og forleikjum eftir Lully. D'Anglebert þykir ekki eins frumlegur og kennari hans var en tónlist hans sýnir að hann var leiknn semballeikari.

Síðustu verkin voru svíta í a-moll og pavane dans, eftir Louis Couperin, annan nemanda Chambonnieres, er ásamt frænda sínum, Francois Couperin (hinum mikla) voru frægastir sembalistanna frönsku. Sagt er að Chambonnieres hafi á ferðalagi, árið 1650, heyrt þá bræður Louis og Francois (eldri) leika á sembal og haft þá með sér til Parísar. Louis fékk stöðu sem orgelleikari við St Gervais-kirkjuna, sem ættmenn hans störfuðu við í 175 ár. Louis naut mikillar hylli sem tónskáld og semballeikari en bróðir hans, Francois, var aðallega þekktur fyrir stórbrotinn drykkjuskap. Dóttir Francois, Marguerite-Louise, var frábær söngkona. Yngsti Couperin-bróðirinn, Charles, starfaði sem orgelleikari við St. Gervais en mun ekki hafa samið neitt og er aðallega minnst vegna frægðar sonar hans, Francois Couperin „le grand".

Guðrún Óskarsdóttir er efnilegur sembalisti og lék frönsku meistarana mjög vel. Eitt af því sem gerir franska sembaltónlist sérlega aðlaðandi, eru skreytingar og þær voru vel og greinilega útfærðar af Guðrúnu, svo að eðlileg framvinda tónlínunnar raskaðist ekki, sem oft vill verða raunin, ef of mikil áhersla er lögð á margbreytileik skreytinganna. Flutningur Guðrúnar var fágaður, borinn upp að sterkri tilfinningu fyrir formi og hrynskipan tónhendinga og fer hún sannarlega vel af stað, í sína fyrstu ferð, með þessari frumraun sinni sem einleikari á sembal.

Jón Ásgeirsson